

Mál nr. 282/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila: V1 og V2

Heiti vátryggingar: Ábyrgðartrygging ökutækis B og C

Skráningarnúmer ökutækja: A, B, C og D.

Sakarskipting. Hringtorg.

Gögn.

1. Málskot móttakið 1. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V1 dags. 23. september 2022, ásamt fylgiskjölum.
3. Bréf V2 dags. 23. september 2022, ásamt fylgiskjali.
4. Bréf V2 dags. 25. október 2022.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að þann 15. júlí 2022 hafi M ekið inn í innri hring hringtorgs frá Lambhagavegi með fyrirhugaða aksturstefnu inn á Vesturlandsveg í vestur, út á armi númer þrjú. Bifreiðin D hafi verið fyrir framan bifreið M á innra hring og hafi nauðhemlað vegna þess að bifreiðinni B hafi verið ekið í veg fyrir D og M því snarhemlað. Þá hafi bifreiðinni C verið ekið á vinstri afturstuðara bifreiðar M. M og kona hans hafi leitað á heilsugæslu vegna víðtækra stoðkerfiseinkenna eftir slysið.

Tjónanefnd vátryggingafélaganna tók málið fyrir og var niðurstaðan sú að M bæri helming sakar fyrir að aka í veg fyrir umferð sem var á hringtorginu og að ökumaður B bæri helming sakar fyrir að veita ekki umferð úr innri hring forgang.

M mótmælir afstöðu tjónanefndar og byggir á því að slysið megi rekja til háttsemi ökumanns B sem hafi verið valdur að þeirri atburðarrás sem leiddi til umferðarslyss þegar hann keyrði í veg fyrir bifreiðina D. Þá telur M ökumann C ekki hafa sýnt fulla aðgát þegar hann keyrði aftan á bifreið M.

Í bréfi V1 kemur fram að félagið telji ljóst að hvorki hafi orðið snerting milli D og B né D og A og beri ökumaður B því ekki ábyrgð á þeim árekstri sem varð á milli A og C. Telur V1 því að M beri alla sök á árekstrinum fyrir að hafa ekið í veg fyrir þá umferð sem fyrir var á hringtorginu.

Í bréfi V2 kemur fram að félagið telji ekki orsakatengsl milli umferðarlagabrots B og áreksturs A og C og mikilvægt sé að hafa í huga að árekstur hafi ekki orðið fyrr en málskotsaðili ákvað að aka inn á innri akreinina í veg fyrir C. V2 hafnar því alfarið að tilefni sé til að leggja hluta sakar á ökumann B og afstaða V2 er því að M beri alla ábyrgð á árekstrinum.

Álit.

Það liggur fyrir í málinu að það varð ekki árekstur milli bifreiðanna B og D þegar bifreiðin B ók í veg fyrir bifreiðina D með þeim afleiðingum að þær stöðvuðu báðar. Á myndbandsupptöku sem fylgir gögnum málsins sést að bifreiðin B fer fram úr bifreið M á ytri hring og að M er lagður af stað inn á hringtorgið á innri akrein þegar bifreiðarnar fyrir framan hann stöðvuðust. Það liggur fyrir að M stöðvar bifreið sína vegna þess að bifreiðarnar fyrir framan hann stöðvuðust sem rakið er til umferðarlagabrots D eins og fram hefur komið. Þannig er orsakatengsl milli umferðarlagabrots B og þess að A stöðvar bifreið sína þótt ökumaður D hafi náð að stöðva. M bar hins vegar að gæta að ítrustu varkárni þegar hann ók inn á hringtorgið enda bar honum að veita umferð í hringtorginu forgang. Með vísan til þess, atvika málsins og gagna þykir rétt að M beri helming sakar á móti ökumanni B.

Niðurstaða.

M ber helming sakar og ökumaður B, helmings sakar.

Reykjavík, 22. nóvember 2022.

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Margrét Arnheiður Jónsdóttir